



**Rannsóknarverkefnið kallast á ensku:** Politics of belonging: Promoting children's inclusion in educational settings across borders (2018-2020). Verkefnið er styrkt af NordForsk (verkefni nr. 85644)

**Rannsóknarhluti:** Alþjóðlegir spurningalistar fyrir starfsfólk leikskóla og foreldra leikskólabarna.

**Ábyrgðarmaður/stjórnandi verkefnisins er:**

Dr. Eva Johansson prófessor við Háskólann í Stavanger, Noregi.

**Aðrir stjórnendur rannsóknarteymisins eru:**

Dr. Anna-Maija Puroila prófessor við Háskólann í Oulu, Finnlandi.

Dr. Jóhanna Einarsdóttir prófessor við Háskóla Íslands, Íslandi.

Dr. Barbara Piskur, PhD, rannsakandi við Zuyd University of Applied Sciences, Hollandi.

Dr. Anette Emilson, lektor við Linneaus Háskólann, Svíþjóð.

**Samstarfsaðilar:** Dr. Sue Walker og Dr. Jo Lunn, prófessorar við Queensland University of Technology, Ástralíu.

### Ágrip

Rannsóknin er hluti af stærri rannsókn sem hefur það markmið að auka þekkingu á fullgildi (e. belonging) barna í mismunandi menntastofnunum í evrópsku löndunum fimm: Finnlandi, Íslandi, Hollandi, Noregi og Svíþjóð. Fullgildi vísar til þess þegar börn eru tekin með eða útilokuð af öðrum börnum (og starfsfólki) í daglegu starfi leik- og grunnskóla. Sjónum er beint að tækifærum og takmörkunum barna til þátttöku í jafningjahópi, einkum barna með annan félagslegan og/eða menningarlegan bakgrunn.

Þessi hluti rannsóknarinnar snýr að viðhorfum starfsfólks og foreldra leikskólabarna til fullgildis í leikskólum. Heildarmarkmið rannsóknarinnar er að ná fram heildarmynd af viðhorfum leikskólakennara/leiðbeinanda og foreldra leikskólabarna til fullgildis og útilokun í leikskólum.

Í hverju landi, bjóða rannsakendur mismunandi sveitarfélögum að taka þátt í rannsókninni. Markmiðið er að ná til starfsfólks leikskóla og foreldra í misstórum sveitarfélögum til að gefa mynd af ólíkum landsvæðum. Tengiliður hvers sveitarfélags verður beðinn um að dreifa vefslóð með spurningalistum fyrir leikskólakennara/leiðbeinendur og foreldra leikskólabarna í

öllum leikskólum á svæðinu (bæði almennum og einkareknum). Spurningalistinn fyrir starfsfólk leikskóla er ætlaður öllum sem starfa með börnunum í leikskólanum (leikskólakennurum, aðstoðarleikskólakennurum, leiðbeinendum, leikskólaliðum og sérkennurum).

Rannsóknin verður í formi rafræns spurningalista. Þátttakendur geta valið hvort þeir nota íslenska eða enska útgáfu af spurningalistanum. Þátttaka í rannsókninni er valfrjáls. Rannsóknarteymið mun fara eftir viðmiðum um siðfræði í rannsóknnum frá EECERA (European Early Childhood Education Research Association).

**Varðveisla gagna:** Allir spurningalistarnir verða sendir og geymdir á öruggu neti hjá Queensland University of Technology. QUT: Key Survey er hannað í þeim tilgangi að koma til móts við siðferðileg og tæknileg atriði er varða rannsóknir af þessu tagi. Farið verður eftir lögum, reglugerðum og tilmælum um siðferðileg atriði og örugga geymslu gagnanna í hverju þáttökulandi. Nafnleynd þátttakanda og sveitarfélaganna verður tryggð.

Rannsakandur sem taka þátt í verkefninu eru þeir einu sem hafa aðgang að gögnunum. Verkefnið mun standa yfir í þrjú ár, frá 01.01 2018 - 21.12 2020. Gögnin verða geymd á öruggum stað og notuð til greiningar til 31.12 2035, en þau verða ekki notuð fyrir aðrar rannsóknir eða önnur markmið. Öllum gögnum verður eytt eftir 15 ár (31.12 2035).

Niðurstöður rannsóknarinnar verða birtar í innlendum og erlendum bókum, sérfræðitímaritum, kynntar á ráðstefnum, og við kennslu um menntun ungra barna.

Virðingarfyllst,

---

Jóhanna Einarsdóttir